

Hr. forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson

Samtökin Orkan okkar fagna því að hitta forseta Íslands til að ræða um þriðja orkupakkann, afhenda forsetanum skýrslu samtakanna og umsagnir um málið og eftirfarandi:

Áskorun

Samtökin Orkan okkar skora á forseta Íslands að staðfesta ekki upptöku þriðja orkupakkans inn í EES-samninginn nema annað tveggja komi til:

- sameiginlega EES-nefndin hafi veitt Íslandi undanþágu frá innleiðingu eða*
- þjóðin hafi í þjóðaratkvæðagreiðslu fallist á að undirgangast skuldbindingar orkupakkans.*

Rökstuðningur:

Forseti Íslands er meðal annars kjörinn til þess að vaka yfir því að landinu sé ætíð lýðræðislega stjórnað og stjórnvöld virði stjórnarskrána. Forsetinn sækir umboð sitt til þjóðarinnar og getur samkvæmt stjórnarskránni gripið til úrræða¹ telji hann tilefni til.

Orkan okkar eru þverpólitísk samtök einstaklinga sem vilja standa vörð um sjálfsákvörðunarrétt Íslands í orkumálum. Samtökin hafa lagt ómælda vinnu í að rannsaka orkupakkann, meta áhrif hans hér á landi og kynna rök gegn innleiðingu hans fyrir þingi og þjóð. Hátt í átta þúsund landsmenn eru í baráttuhópi samtakanna gegn orkupakkanum á Facebook og fleiri en sextán þúsund hafa tekið þátt í áskorun til þingmanna um að óskað verði eftir undanþágu Íslands frá innleiðingu orkupakkans. Fá málefni hafa hlotið jafn mikla umfjöllun enda varðar málið mikla hagsmuni; það varðar auðlindir landsins og ríkisstjórn sem fer gegn vilja kjósenda sinna.

Innleiðing orkupakkans er afar ólýðræðisleg því hún gengur þvert gegn skýrum ályktunum² tveggja ríkisstjórnarflokka, gegn afstöðu meirihluta kjósenda þeirra og í raun meirihluta kjósenda í landinu.³ Með orkupakkanum eru stigin skref til að markaðsvæða orkukerfi landsins án þess að kjósendur hér á landi hafi fengið tækifæri til að taka afstöðu til þessarar stefnu.

¹ Samkvæmt 21. gr. stjórnarskrárinnar gerir forsetinn samninga við önnur ríki en af því leiðir að breytingar á slíkum samningum taka ekki gildi án samþykkis forseta. Í 16. gr. segir að mikilvægar ákvarðanir skuli bera undir forseta í ríkisráði. Í 18. gr. er ráðherrum falið að bera mál sem þeir undirrita undir forseta. Samkv. 15. grein veitir forseti ráðherrum lausn. Með ákv. 24. gr. er forseta falið vald til að rjúfa þing og boða til kosninga.

² Meðal annars ályktun flokksþings Framsóknarflokksins í febrúar 2018, ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins í mars 2018 auk fjölda annarra ályktana og umsagna sem birst hafa um málið.

³ Sjá m.a. viðhorfskönnun Maskínu frá maí 2018 og viðhorfskönnun Maskínu í júní 2019.

Sérfræðingar vara við því að orkupakkinn samrýmist ekki stjórnarskránni. Í álitserð Stefáns Mús Stefánssonar og Friðriks Hirst Friðrikssonar segir meðal annars:

"taka verður afstöðu til þess nú þegar hvort 8. gr. reglugerðar nr. 713/2009 (og aðrir hlutar þriðja orkupakkans ef því er að skipta) standist stjórnarskrána og það áður en Alþingi ákveður hvort samþykkja skuli umrædda ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar"⁴. (leturbreyting okkar)

Þeir bæta við:

"Verður ESA þá falið vald til að taka ákvarðanir sem munu binda íslensk stjórnvöld að landsrétti og munu um leið varða hagsmuni mikilsverðra raforkufyrirtækja og notenda raforkukerfisins beint og óbeint. ACER myndi einnig hafa umtalsverð áhrif á efni ákvarðana ESA. Umræddar ákvarðanir ESA lúta að nýtingu takmarkaðrar auðlindar sem felst í raforkuflutningsgetu um grunnvirki yfir landamæri. Ekki eru fordæmi fyrir slíku valdframsali til alþjóðlegra stofnana á grundvelli EES-samningsins."

Ríkisstjórnin og meirihluti þingmanna virðast ekki sinna þessum aðvörðunum né öðrum sem fram hafa komið. Þó hafa þingmenn svarið eið að stjórnarskránni sem þeim ber að láta njóta alls vafa.

Ríkisstjórnin og meirihluti þingsins virðast ekki heldur taka mark á vandlega rökstuddum aðvörðunum⁵ virtra hæstaréttarlögmannna og héraðsdómara um að samþykkt orkupakkans geti leitt til stórfelldra bótakrafna á hendur ríkinu. Varað er við því að íslenska ríkið geti verið dæmt til að leyfa lagningu sæstrengs en greiða að öðrum kosti himinháar bætur. Tenging sæstrengs myndi fela í sér framsal valds sem að mati sérfræðinga gengur mun lengra en stjórnarskráin leyfir og varðar mikilvæga auðlind og hagsmuni þjóðarinnar.

Þrátt fyrir aðvaranir sérfræðinga um lagalega óvissu, mögulega bótaskyldu og mögulegt brot á stjórnarskrá virðist meirihluti þingmanna staðráðinn í að veita ríkisstjórninni umboð til að fella þriðja orkupakkann inn í EES samninginn og skuldbinda þar með þjóðina til að innleiða íþyngjandi regluverk án nokkurs ávinnings fyrir fólkið í landinu.

Ekki hefur verið brugðist við áskorun fleiri en 16 þúsund kjósenda til þingmanna um að óska eftir undanþágu frá þriðja orkupakkanum eins og EES-samningurinn veitir aðildarríkjum rétt til að gera. Vandséð er að nokkur skaði geti hlotist af því að óska eftir slíkri undanþágu og hulið hverra hagsmunir standa gegn því að undanþágu sé óskað. Augljóslega er óþarft að innleiða hér regluverk um viðskipti með raforku yfir landamæri nema ætlunin sé að hefja slík viðskipti.

Fram til þessa hefur nær allt raforkukerfi landsins verið í sameign landsmanna. Það skilar miklum og vaxandi arði til samfélagsins. Þjóðin hefur í sameiningu notið ávinningsins af þeim fórnunum sem virkjun vatns og jarðvarma hefur haft í för með sér. Með orkupakkanum koma hvatar til að stórefla þátt einkaframtaksins í öflun orku þrátt fyrir að hér sé nú þegar framleidd tvöfalt meiri orka á hvern íbúa en í nokkru öðru landi. Ósnortinni náttúru verður því fórnað til rafmagnsframleiðslu og arðurinn mun renna til fjárfesta sem munu hafa hagsmuni af lagningu sæstrengs. Erfitt verður að verjast þeim þrýstingi og þegar strengur kemur mun orkuverð hér hækka verulega.

⁴ Álitserð um stjórnskipuleg álitamál tengd framsali ríkisvalds til stofnana ESB/EFTA vegna þriðja orkupakka ESB, Stefán Már Stefánsson og Friðrik Árni Friðriksson Hirst - 19. mars 2019 - bls. 41

⁵ Minnisblöð Tómasar Jónssonar hrl og Arnars Þórs Jónssonar héraðsdómara til utanríkismálanefndar. - ágúst 2019.

Þessu er enn mögulegt að afstýra með undanþágu Íslands frá orkupökkum. Fáist hún ekki, má líklegt telja að óánægja með EES-samninginn fari vaxandi og stjórnámál fari að snúast um útgöngu Íslands úr EES-samstarfinu.

Úr því sem komið er, sjá samtökin Orkan okkar því ekki önnur úrræði í stöðunni en að skora á forseta Íslands að biðja með að staðfesta þriðja orkupakkann inn í EES-samninginn þar til Ísland hefur fengið undanþágu frá innleiðingu hans eða þjóðin hefur í þjóðaratkvæðagreiðslu fallist á þær skuldbindingar sem í orkupakkanum felast.

Virðingarfyllst,
f.h. Orkan Okkar

Elinóra Inga Sigurðardóttir, formaður
Frosti Sigurjónsson,
Styrmir Gunnarsson,
Ögmundur Jónasson.

Fylgiskjöl:

[Skýrsla um áhrif inngöngu Íslands í orkusamband ESB](#) - Orkan okkar - ágúst 2019

[Umsögn til utanríkismálanefndar Alþingis. Orkan okkar](#) - maí 2019

[Umsögn til atvinnuveganefndar Alþingis. Orkan okkar](#) - maí 2019

[Minnisblað til utanríkismálanefndar Alþingis, Tómas Jónsson hrl](#) - ágúst 2019

[Minnisblað til utanríkismálanefndar Alþingis, Arnar Þór Jónsson héraðsdómari](#) - ágúst 2019